

Mál nr. 143/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda verslunarmiðstöðvar.

Slys í snúningshurð í verslunarmiðstöð þann 30.8.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 23.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.7.2008.

Málsatvik.

M var ásamt fjölskyldu sinni á leið í verslunarmiðstöðina V. Fór hann inn um snúningshurð, en vængir frá miðju hurðarinnar mynda hreyfanleg bil á svæði sem fólk gengur um er það fer inn um dyrnar. S, sonur M, var kominn inn í húsið á undan M. Er bil opnaðist fyrir innan dyrnar stókk S inn í bilið og staðnæmdist þar. Hurðin stöðvaðist á fótlegg S sem féll við og lenti fóturinn undir einum vængnum, en nokkurra sentimetra bil er milli gólfs og neðri brúnar vængsins. Stóð hurðin þannig föst á fótlegg S. Fór M þá inn í bilið til S og reyndi hann fyrst að setja öxlina í hurðina og taka um leið í fótlegg S, en hurðin hreyfðist ekki. Stóð hann þá upp og setti báðar hendur á hurðina og spyrti vel á móti á hurðina. Við það fékk hann eins og rafstuð frá kálfa og fram í tær. M leitaði læknis og kom í ljós að hásin í hægri fæti hafði rifnað.

Hurðin var skoðuð af viðkomandi heilbrigðiseftirliti, H. Samkvæmt þeirri skoðun er nemi neðst á væng frá miðás sem nemur ef eitthvað lendir neðst á vængnum og við það stöðvast hurðin. Næst miðásnum virðist þetta öryggi virka þar sem hraðinn er ekki mikill og vængur fer ekki langt ef eitthvað lendir á honum. Fjærst miðásnum er hraðinn hins vegar meiri og stöðvunin ekki nægilega snögg og virðist sem það geti verið orsök þess að fótur S festist undir hurðinni samkvæmt því sem segir í bréfi H um skoðunina.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu eiganda V vegna líkamstjóns er hann hlaut í umrætt sinn vegna þess vanbúnaðar er hann telur hafa verið á hurðinni samkvæmt lýsingu í fyrrgreindu bréfi H.

Álit.

Fótur S hafði fest undir hurðinni og vera kann að það hafi gerst af völdum atvika eins og lýst er í bréfi H. Af bréfi H eða öðrum gögnum málsins þykir ekki nægilega sýnt fram á að búnaði hurðarinnar hafi verið áfátt. Þótt M hafi verið að reyna að losa hurðina af fótlegg sonar síns þegar hásinin rifnaði þá er ekki beint orsakasamband milli meiðsla M og þess að hurðin stöðvaðist á fótlegg S. Þá eiga reglur skaðabótaréttar um óbeðinn erindisrekstur ekki við um það atvik er hásin M rifnaði. Samkvæmt þessu getur ekki komið til þess að eigandi V beri ábyrgð á líkamstjóni M. Af þeim sökum fæst tjón hans ekki bætt úr ábyrgðartryggingu eiganda V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 26. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.